



Stjórn foreldrafélagsins

24. nóv 2015

Mætt:

Svava Magnúsdóttir
Sverrir Tryggvason
Sigríður Hrund Pétursdóttir
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Fanney Long
Þröstur Jónasson

Fjarverandi:

Ingimundur Þorsteinsson
Brynhildur Jónsdóttir

1. **Fjármál foreldrafélagsins:** Greiðsluseðlar farnir af stað. U.þ.b. fjórðungur foreldra búinn að greiða.

2. **Fundartími stjórnar foreldrafélagsins:** Fundartími stjórnar festur síðasta (fjórða) þriðjudag í mánuði kl 20. Ritari setur inn dagsetningar á FB. Næsti fundur er 12. Janúar., 23. Feb, 22. Mars, 26. Apríl, 24. Maí.

3. **Breytt skipulag viðburða á vegum foreldrafélagsins:**

Lögð er til eftirfarandi breyting á skipulagi viðburða á vegum foreldrafélagsins:

a. **Jólafondur:** Fellur niður í ár.

b. **Vorhátíð:** Miðstigið sér um vorhátíð. 6. bekkur leiðir. Stjórn foreldrafélagsins felur hédan í frá umsjón vorhátíðar í hendur miðstigs (5.-7. bekk). Stjórn viðburða skal vera í höndum bekkjarfulltrúa 6. bekkjar, sem síðan sjá um að útdeila verkefnum til bekkjarfulltrúa 5. og 7. bekkja. Bekkjarfulltrúum verður boðið á stjórnarfund í janúar.

c. **Foreldrarölt:** Elsta stigið sér um foreldraröltið. 8. bekkur leiðir þessa framkvæmd. Stjórn foreldrafélagsins felur hédan í frá umsjón foreldrarölts í hendur elsta stiginu (8.-10. bekk). Stjórn viðburða skal vera í höndum bekkjarfulltrúa 8. bekkjar, sem síðan sjá um að útdeila verkefnum til

bekkjarfulltrúa 9. og 10. bekkja. Foreldraröltshóp verður boðið á stjórnarfund í janúar.

4. Fræðandi erindi:

Formaður foreldrafélagsins kannar hjá skólastjóra hvað er framundan í fræðslumálum hjá skólanum.

Biðja um að fá Siggú Dögg með kynfræðslu fyrir elsta stigið og miðstigið.

Marita var líka með fræðslu (áhættuhegðun). Þorgrímur Þránínsson mögulegur?

5. Hittingur bekkjarfulltrúa og fulltrúa nemenda: Formaður sendir bekkjarfulltrúum ítrekun. Ritari setur á FB um bekkjarráðsfund 6. bekkjar.

6. Innleiðing spjaldtölva: Hittingur áætlaður með Samkóp.

7. Brettarampur: Engar fréttir af því máli í bili. Brettarampur var þó ræddur á hverfisfundi Kársness sem haldinn var af hálfu Kópavogsbæjar í síðustu viku.

a. Stjórn foreldrafélagsins óskar sérstaklega eftir að fá að gera brettaramp sem fyrst óháð skipulagi skólalóðar.

b. Stjórn foreldrafélagsins óskar sérstaklega eftir að taka þátt í frumvinnu að skipulagi skólalóðar Kársnesskóla.

c. Formaður foreldrafélagsins mun hafa samband við Guðjón í Ekkó til að ræða mögulegan styrk foreldrafélagsins til félagsmiðstöðvarinnar sem ýtir undir hreyfingu og samveru nemenda.

8. Skólaráð: Farið yfir það sem kom fram á síðasta skólaráðsfundi. Vantar fræðslu varðandi netvarnir og fræðslu til foreldra. Bókasafnskostur er lélegur í skólanum – málið var rætt lauslega og verður tekið til ályktunar á næsta fundi. Athuga lög varðandi skólabókasöfn – spyrja Samkóp.